


LESENDUR SKRIFA

„Það var líka og“

Hr. ritstjóri
Háttvirtu lesendur

Það var á sunnudaginn var, er ég var á labbi um borgina sálu minni til hressingar og líkama til stuðnings að vinur minn einn var á svipuðum slóðum, labbandi út á þorra. Hann sagði mér frá merkisgrein sem hafði verið í Tímanum daginn áður sem hann las þá um morguninn með ekki minni tilfinningu og gleði og frétt um heimsskákina hjá Jóhanni og Kortsnoj. Ég var hrakinn og hrjáður út í þann gamla þrjót Kortsnoj fyrir það að þú reykt að okkar manni og láta öllum látum sem gentlemaður má ekki gera. Mér er sagt að hann (sá gamli) hafi kennt öðrum um tapið, en það er nú sjúkleg afsökun ekki satt? Þetta er nú allt gott og blessað, enda fékk ég mér einn stálgráan eftir resultatið. Var það ekki gott hjá mér?

Snúum okkur nú að Tímagreininni. Fyrst fór ég að hugleiða það hver það gæti verið sem hugsaði svo hlýlega til mín og væri svo spakur (ekki eins og hestur) heldur eins og Njalli á Bergþórshvoli var. Ég er nú talinn einn látlasasti skrifbent á norðurhveli jarðar og átti síst von á hólum frá manni sem ég giska svona á að gamni mínu að sé norðan heiða maður sem kann sitt hver utanað og bækur mínar líka. Þetta er áreiðanlega maður með fullu viti og er þar að auki smekklegur. Hitt er svo annað mál hvort, hann hefði átt að blanda mér við þann mosa sem um getur. Ég hef sko ekkert út á Thor Vilhjálmsson að setja. Það má segja að hann mætti að ósekju fara að skifta á þessum trollarafötum sínum sem hann gengur í, svona á milli mála og fara að kaupa sér dress af viti. Ég hef alltaf haldið því fram að menn klæða sig eftir hæfileikum, drekki eftir hæfileikum og að sjálfsgöðu skrifi eftir hæfileikum. Ekki satt? Nú hvað um bókina er að segja, ég á við **Mosann**, þá er hún víst bara göð eftir því sem bílstjórnarnir segja. Nafnið er kannski ofurliðið þökkennt, mætti vera sterkara t.d. **Grænmosi** eða bara Blámosi. Þá væri að líkindum meiri von á annarri frá höf. Mér er sagt að Thor kunni helling af tungumálum, en lítið virðist hann kunna í dönsku þar sem hann lét annan mann þýða hana fyrir sig, sendir hana svo til útlanda á einu bretti og selur og fær offjár fyrir, er mér sagt.



Guðmundur Haraldsson les upp úr verkum sínum í Hard Rock Café 14. des. sl. Tímamynd Gunnar

Þetta er nú ekkert annað en heildsala. Ég sel allar mínar bækur í smásölu og gengur vel. Já vinurinn selur Mosann á einu bretti eins og bóndi sem selur loðnukótann sinn á fæti. Þetta var nú kallað húmör í minni sveit. Íslenskir Danir hafa alltaf verið séðir í viðskiftum, en það má með sanni segja að þeir taki of mikið svæði fyrir sig. Samanber Clausenana, Mullerana, og að ég tali nú ekki um alla Thorsarana en það mega þeir eiga að þeir eru afskaplega alminnlegir á götu. Ég get sagt ykkur frá mínu svæði. Það nær nú ekki lengra suður en frá Þjórsá og víðrast að Kollafirði til norðurs. Þ.e.a.s. ef skyggni er bærlégt. Nei lengra fer ég nú ekki með hugleiðingar mínar í bandi eða heftaðar. Að vísu hvarflaði að mér í fyrrasumar að taka reisu til Skagafjarðar en ég frestaði því til sumar komanda aðallega vegna þess að það rigndi svo mikið þegar rútan var að leggja af stað.

Nú hafa margir menn og aftur

menn og konur fengið listamannalaun. Vinur minn spurði mig svona í rælni hvort ég ætti von á glaðningi eins og aðrir. Ég svaraði nei og aftur nei. Þetta eru bara hrossagaukar sem þar ráða og lítið gaman og alls ekki listaukandi að vera við þá kenndur. „Já það var líka og“.

Að endingu vil ég segja þetta. Fjölmíðlar eru ekki mín sérgrein svoleiðis en þar sem þeir byrja á að fjalla um ritverk mín verð ég að láta hljóð koma svona kurteislega fram og segi: Í maí n.k. verð ég 70 ára gamall upp á dag á afmælisdaginn. Vinir mínir eru búnir að ákveða að þá verði mikið um að vera næstum allan daginn. Svo læt ég þess getið án þess að borga auglýsinguna að von er á bók frá mér fyrir þann tíma. Ekki er nú komið nafn á greyðir en það verður alls ekki þökkennt. Svo bið ég að heilsa, og óska öllum í hagginn

Ykkar Guðmundur Haraldsson frá Háeyri

Listamannalaun

99 fengu 68 þúsund

Úthlutunarnefnd listamannalauna hefur lokið úthlutun fyrir árið 1988. Nefndin hafði 6.732.000 krónur til ráðstöfunar.

Samkvæmt undanþágu frá lögum er nú aðeins einn flokkur listamannalauna. Nefndin varð sammála um að þann flokk fylltu þeir sem sæti áttu í efra flokki listamannalauna á árinu 1987 og nú var fært að bæta við 8 nýjum mönnum. Þeir listamenn eru: Ásgerður Ester Búadóttir myndlistarmaður, Áskell Másson tónskáld, Hjálmar H. Ragnarsson tónskáld, Hrólfur Sigurðsson listmálari, Nína Björk Árnadóttir, rit höfundur, Vigdís Grímsdóttir rit höfundur, Þórunn Elva Magnúsdóttir rithöfundur og Þuríður Guðmundsdóttir skáld.

Á árinu 1987 fengu 92 menn 58.000 krónur hver. Einn þeirra, Alfreð Flóki, er látinn. Því hljóta nú 99 menn 68.000 krónur hver.

Í úthlutunarnefnd listamannalauna eiga nú sæti: Magnús Þórðarson, framkvæmdastjóri, Jón R. Hjálmarsson, fræðslustjóri, ritari nefndarinnar, Bolli Gústavsson, sóknarprestur, form. nefndarinnar, Bessi Jóhannsdóttir, kennari, Gunnar Stefánsson, dag-skrárfulltrúi, Sölvi Óskarsson, kaup-

maður, í stað Halldórs Blöndal, Soffía Guðmundsdóttir, tónlistarkennari.

Árið 1988 hljóta eftirtaldir 99 menn listamannalaun, 68.000 krónur hver:

Agnar Þórðarson, Atli Heimir Sveinsson, Ágúst Petersen, Ármann Kr. Einarsson, Árni Björnsson, Ásgerður Ester Búadóttir, Áskell Másson, Benedikt Gunnarsson, Bragi Ásgeirsson, Bragi Sigurjónsson, Einar Bragi, Einar Hákonarson, Einar Þorláksson, Eiríkur Smith, Elías B. Halldórsson, Eyþór Stefánsson, Gísli Halldórsson, Gísli Magnússon, Gísli Sigurðsson, Gréta Sigfúsdóttir, Guðbergur Bergsson, Guðmunda Andrésdóttir, Guðmundur L. Friðfinnsson, Guðmundur Frimann, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Ingi Kristjánsson, Guðrún Á. Símonar, Gunnar Dal, Gunnar Eyjólfsson, Gunnar M. Magnúss, Hafliði Hallgrímsson, Hallgrímur Helgason, Hannes Sigfússon, Heiðrekur Guðmundsson, Helga Ingólfssdóttir, Helgi Sæmundsson, Herdís Þorvaldsdóttir, Hjálmar H. Ragnarsson, Hjörtur Pálsson, Hringur Jóhannesson, Hrólfur Sigurðsson, Hörður Ágústsson, Ingimar Erlendur Sigurðsson,

Jakóbína Sigurðardóttir, Jóhann Hjálmarsson, Jóhannes Geir, Jóhannes Helgi, Jóhannes Jóhannesson, Jón Ásgeirsson, Jón Björnsson, Jón Dan, Jón Óskar, Jón Þórarinnsson, Jónas Árnason, Jórunn Viðar, Karen Agnete Þórarinnsson, Karl Kvaran, Kjartan Guðjónsson, Kristinn Hallsson, Kristinn Rey, Kristján Albertsson, Kristján Davíðsson, Kristján frá Djúpalek, Leifur Þórarinnsson, Nína Björk Árnadóttir, Oddur Björnsson, Ólöf Pálsdóttir, Óskar Aðalsteinn, Pétur Friðrik, Ragnar Kjartansson, Ragnheiður Jónsdóttir, Róbert Arnfinnsson, Rúrik Haraldsson, Rögnvaldur Sigurjónsson, Sigfús Daðason, Sigfús Halldórsson, Sigurður A. Magnússon, Sigurður Pálsson, Sigurður Sigurðsson, Skúli Halldórsson, Stefán Hörður Grímsson, Stefán Júlíusson, Steinþór Sigurðsson, Svava Jakobsdóttir, Sveinn Björnsson, Thor Vilhjálmsson, Tryggvi Emilsson, Valtýr Pétursson, Veturlíði Gunnarsson, Vésteinn Lúðvíksson, Vigdís Grímsdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir, Þorkell Sigurbjörnsson, Þorsteinn frá Hamri, Þorsteinn Ó. Stephensen, Þórunn Elfa Magnúsdóttir, Þuríður Guðmundsdóttir, Þuríður Pálsdóttir, Örlygur Sigurðsson.



Auglýsing

um styrki Evrópuráðsins á sviði læknisfræði og heilbrigðisþjónustu fyrir árið 1989

Evrópuráðið mun á árinu 1989 veita starfsfólki í heilbrigðisþjónustu styrki til námsferða í þeim tilgangi að styrkþegar kynni sér nýjungar í starfsgreinum sínum í löndum Evrópuráðsins og Finnlandi.

Stjórnarnefnd heilbrigðismála í Evrópuráðinu ákvað á árinu 1989 skuli lögð áhersla á verkefnið:

„Hlutverk kvenna í heilbrigðisþjónustunni (í heilsugæslu, meðferð, forvörnum og menntun) bæði sem þiggjendur og gefendur“. Umsækjendur um styrki er tengjast þessu verkefni munu ganga fyrir á árinu 1989.

Styrktímabil hefst 1. janúar 1989 og lýkur 1. des. 1989. Um er að ræða greiðslu ferðakostnaðar og dagpeninga skv. nánari reglum. Umsækjendur skulu ekki vera eldri en 55 ára, hafa gott vald á tungumáli þess lands, sem sótt er um og ekki vera í launaðri vinnu í því landi.

Umsóknareyðublið fást í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og eru þar veittar nánari upplýsingar um styrkina.

Umsóknir skulu hafa borist ráðuneytinu fyrir 10. mars n.k.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið
8. febrúar 1988

Auglýsing

um rannsóknastyrki frá J.E. Fogarty International Research Foundation

J.E. Fogarty-stofnunin í Bandaríkjunum býður fram styrki handa erlendum vísindamönnum til rannsóknastarfa við vísindastofnanir í Bandaríkjunum. Styrkir þessir eru boðnir fram á alþjóðavettvangi til rannsókna á sviði læknisfræði eða skyldra greina (biomedical or behavioral sciences), þar með talin hjúkrunarfræði. Hver styrkur er veittur til 6 mánaða eða 1 árs á skólaárinu 1989-90 og á að standa straum af dvalarkostnaði styrkþega (18.000 til 22.000 bandaríkjadallar), auk ferðakostnaðar til og frá Bandaríkjunum. Einnig er greiddur ferðakostnaður innan Bandaríkjanna.

Til þess að eiga möguleika á styrkveitingu þurfa umsækjendur að leggja fram rannsóknáætlun í samráði við stofnun þá í Bandaríkjunum sem þeir hyggjast starfa við. Nánari upplýsingar um styrki þessa veitir Atli Dagbjartsson, lækni, barnadeild Landspítalans (s. 91-29000). – Umsóknir þurfa að hafa borist menntamálaráðuneytinu, Hverfisgötu 6, 150 Reykjavík, fyrir 15. júlí n.k.

Menntamálaráðuneytið,
9. febrúar 1988

Styrkur til háskólanáms í Hollandi og ferðastyrkur til náms á Norðurlöndum

1. Hollensk stjórnvöld bjóða fram styrk handa Íslendingi til háskólanáms í Hollandi skólaárið 1988-89. Styrkurinn er einkum ætlaður stúdent sem kominn er nokkuð áleiðis í háskólanámi eða kandídat til framhaldsnáms. Nám við listaháskóla eða tónlistarháskóla er styrkhæft til jafns við almennt háskólanám. Styrkfjárhæðin er 1.130 gyllini á mánuði í 9 mánuði.
2. Boðinn hefur verið fram Akerrén-ferðastyrkurinn svonefndi fyrir árið 1988. Styrkurinn, sem nemur 2.000 skr., er ætlaður Íslendingi sem ætlar til náms á Norðurlöndunum.

Umsóknum um styrkina skal komið til menntamálaráðuneytisins, Hverfisgötu 6, 150 Reykjavík, fyrir 10. mars n.k. og fylgi staðfest afrit prófskríteina; ásamt meðmælum. Sérstök eyðublið fást í ráðuneytinu.

Menntamálaráðuneytið,
9. febrúar 1988

Allir eiga að sitja öruggir í bíl.
Notum bílbelti – alltaf!

UMFERDAR
RÁÐ

